

Umgengisreglur á lessal handritasafns og Íslandssafns á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni

- Gestir eru vinsamlegast beðnir um að skrá nafn sitt í gestabók og skilja yfirhafnir og töskur eftir í fatahengi og skápum í forsalnum áður en gengið er inn í lestrarsalinn.
- Spjallið ekki saman að óþörfu.
- Símtöl eru óheimil inni á sal.
- Ekki er hægt að taka frá lesborð.
- Stilla þarf símhringingar, tölvur og myndavélar á hljóðlátt.
- Farið vel með safnkostinn. Undirstrikanir og notkun límmiða (post-it) er óheimil.
- Vinsamlegast athugið að sum handrit eru sérstaklega viðkvæm og eru undanþegin notkun á lessal. Forvörður leggur mat á slík handrit.
- Nota skal vöggur við notkun viðkvæmra gagna. Þær má finna við afgreiðslu inni á lessal.
- Umgangast skal gögnin af varkárni. Fletta síðum varlega og halda höndum hreinum.
- Þegar skjöl eru notuð þarf að passa að halda röð þeirra óbreyttri og að þau blandist ekki saman við aðra skjalapakka.
- Heimilt er að nota eigin myndavél/síma/spjaldtölvu til að mynda gögn til eigin nota (án leifturljóss).
- Óski gestir að nota eigin skanna eða annan myndatökubúnað þarf að bera það undir starfsfólk.
- Mælst er til þess að aðeins blýantar séu notaðir þegar handrit og skjöl eru skoðuð.
- Munið að skila gögnum þegar lessalur er yfirgefinn.
- Þegar handritum er skilað á laugardögum þarf að afhenda þau í afgreiðslu Íslandssafns.